



159. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn föstudaginn 26. september, 2014, kl. 17.00 að Austurvegi 65, Selfossi.

Mætt: Gunnar Þorkelsson formaður, Svanborg Egilsdóttir, Pétur Skarphéðinsson, Guðmundur Geir Gunnarsson Valur Bogason (símleiðis), Elínborg Ólafsdóttir (sem varamaður Páls) Elsa Ingjaldsdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir. Unnsteinn Eggertsson og Páll Stefánsson, boðuðu forföll og varamaður Unnsteins einnig.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Gengið var til dagskrár.

1. Drög að fjárhagsáætlun og gjaldskrá 2015

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun 2014

Fór framkvæmdastjóri yfir helstu liði og gerði grein fyrir forsendum. Taka drögin mið af ársreikningi 2013, stöðu dagsins í dag og almennri 3% hækkun í samræmi við verðbólgu og vísitölu.

Taka drögin mið af möguleika á viðbót á hálfri starfi heilbrigðisfulltrúa þannig að heildar stöðugildi verði 6 í stað 5.5.

Sýndi Elsa hvernig fjölgun fyrirtækja hefur vaxið á hvert stöðugildi og þróun tekna, í formi eftirlitsgjalda, sem eru bak við hvert stöðugildi. Aukning eftirlitsgjalda, samhliða fjölgun fyrirtækja stendur því fyllilega undir hálfu stöðugildi til viðbótar.

Framkvæmdastjóri taldi ennfremur ljóst að núverandi mannaflí HES stæði ekki lengur undir auknum verkefnum samfara öðru vinnuálagi.

Tillögur að fjárhagsáætlun og gjaldskrá eru í samræmi og verður annarri tillögunni ekki breytt nema breyta hinni.

Almennar umræður urðu um tillögurnar og samþykkir Heilbrigðisnefnd Suðurlands að vísa báðum tillögum til aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

2. Ársskýrsla 2013

Sigrún Guðmundsdóttir fór yfir ársskýrsluna eins og hún verður lögð frá á aðalfundi og fór jafnframt yfir drög að erindi HES sem hún mun flytja á aðalfundi HES í fjarveru framkvæmdastjóra.

3. Undirbúningur fyrir aðalfund 21. október að Kirkjubæjarklaustri

a) Endurskoðun samþykktar HES –

Elsa Ingjaldardóttir fór yfir núgildandi samþykktar HES mtt. nauðsynlegra breytinga.

Hún greindi jafnframt frá fyrirhuguðum fundi þar sem ætlunin væri að fara yfir samþykktirnar með það fyrir augum að leggja fram breytingartillögu á aðalfundi.

Framkvæmdastjóra er veitt heimild til að vinna frekar að málinu og taka við mögulegum tillögum að breytingum til útsendingar með aðalfundargögnum, en slíkar tillögur þurfa að berast HES 3 vikum fyrir aðalfund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.40

Gunnar Þorkelsson, form.
Guðm. Geir Gunnarsson
Elsa Ingjaldardóttir

Svanborg Egilsdóttir
Pétur Skarphéðinsson
Sigrún Guðmundsdóttir

Valur Bogason
Elínborg Ólafsdóttir